

Nd.

154. Frumvarp til laga

[126. mál]

um breyting á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975 um breytingar á lögum umalmannatryggingar nr. 67/1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 9/1977 orðist svo:

1. Á árinu 1978 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald.
2. Gjald þetta skal nema 2% af gjaldstofni álagðra útsvara 1978, skv. 1., 2. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 8 18. maí 1972 um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, þó að frádregnum:
 - a. bótum samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum;

- b. námsfrádrætti er skattstjóri ákveður vegna þeirra er stunda nám í a. m. k. sex mánuði á árinu og
 - c. lækkunum skattgjaldstekna er skattstjóri ákveður samkvæmt 52. gr. laga nr. 68 15. júní 1971 með síðari breytingum.
3. Eigi skal gjald þetta lagt á þá, sem ekki yrði gert að greiða útsvar væri það 10% af gjaldstofni sem ákvarðaður er samkvæmt 2. tl., að frádreginni lækkun útsvars samkv. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum. Sjúkra tryggingagjaldið skal á lagt í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.
 4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt lögum nr. 68 15. júní 1971, með síðari breytingum.
 5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1.—4. tl. þess ákvæðis til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nauðsynlegt er talið að innheimta á árinu 1978 sjúkratryggingagjald hliðstætt því sem gert var 1976 og 1977.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði lögfestar til frekari samræmingar og til þess að auðvelda framkvæmd laganna og jafnframt til þess að mæta stóráuknum kostnaði:

1. Að gjaldið sé lagt á af skattstjórum á öllu landinu, en ekki álagningaraðila útsvars. Ástæðan er tvíþætt: Annars vegar hefur álagning þessa gjalds dregist sums staðar, þar sem skattstjórar leggja ekki á útsvar, og allt sem varðar tengsl milli álagningar og innheimtu gjaldsins hefur reynst þungt í vöfum og erfitt í framkvæmd varðandi þau sveitarfélög, þar sem skattstjórar leggja ekki á útsvör. Hins vegar hefur mismunandi beiting á ívilnunarákvæðum útsvarslaga leitt til ósamræmis milli gjaldenda sjúkratryggingagjalds eftir búsetu.
2. Að gjaldið nemi 2% af gjaldstofni álagðra útsvara 1978 í stað 1% 1976 og 1977. Áætlað er að þessi hækkun færi ríkissjóði 1900 millj. kr. í auknar tekjur 1978. Fyrirsjáanleg er mjög veruleg kostnaðaraukning við sjúkratryggingar, ekki síst vegna launahækkana starfsfólks sjúkrahúsa. Áætlað er, að vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum hækki um 1500 m.kr. umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi, einkum vegna launaliðar, auk þess sem búast má við kostnaðaraukningu á öðrum liðum sjúkratrygginganna. Útgjaldahækkun vegna útgjalda sjúkratrygginganna er þannig 3419 m.kr. eða 68.2% frá fjárlögum yfirstandandi árs, og í heild er áætluð aukning kostnaðar sjúkratrygginganna 4722 m.kr. frá fjárlögum 1977, eða um 70%.
3. Að gjaldfrelismörk verði samræmd. Skv. núgildandi lögum eru þeir gjaldfrjálsir, sem ekki er gert að greiða útsvar. Þar sem útsvarshlutfallið er mishátt eftir sveitarfélögum hafa gjaldfrelismörk sjúkratryggingagjalds einnig verið mishá. Í sveitarfélagi með 10% útsvar sleppa t.d. hjón við greiðslu sjúkratryggingagjalds vegna útsvarsleysis ef útsvarsstofn var 165 300 kr. eða lægri, en í sveitarfélagi með 3% útsvari sleppa hjón við sjúkratryggingagjald ef útsvarsstofn þeirra var 605 400 kr. eða lægri. Samsvarandi tölur fyrir einhleyping voru 120 900 kr. og 443 000 kr. Því er lagt til að þeir verði gjaldfrjálsir sem ekki hefðu greitt útsvar væri það 10% af gjaldstofni útsvara.